

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Atvinnuveganefnd  
Alþingishúsið við Austurvöll  
101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)



Reykjavík 12. maí 2021

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ferðagjöf, mál 776**

Með tölvupósti 10. maí sl. óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar – SAF um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ferðagjöf, nr. 54/2020 (endurnýjun), 776, mál. Alþingi setti lög um ferðagjöf á sl. þingi. Tildrög laganna þá var að draga úr neikvæðum áhrifum á atvinnulífið í kjölfar faraldursins.

Breytingarlagafrumvarpið við lög um ferðagjöfina gerir ráð fyrir að lagt verði til ný ferðagjöf verði lögð til. Allir einstaklingar geti á tímabilinu 1. júní 2021 til 31. ágúst 2021 notað nýja ferðagjöf til greiðslu hjá fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði laganna og hafa starfsstöð á Íslandi.

Frumvarpið mun hafa jákvæð áhrif á Íslenska ferðaþjónustu líkt og ferðagjöf sl. árs hafði. Með þessu eru stjórnvöld að hvetja Íslendinga til að ferðast um landið. Það mun hafa þau áhrif að örva eftirspurn, hvetja þá með íslenska kennitölu til að ferðast um landið okkar og njóta góðs af því sem íslensk ferðaþjónusta hefur uppá að bjóða.

SAF verður hins vegar að taka það fram að það er mjög miður að sjá að ferðagjafir (2020) sem ekki hafa verið nýttar fyrir 1. júní 2021 falli sjálfkrafa niður. Ferðagjafir fyrir árið 2020 mættu vera með sama gildistíma og hin nýja ferðagjöf. Einnig virðist að einhverju leyti 3. gr. frumvarpsins ruglandi, hugtakanotkunin „Ferðagjöf“ og „ferðagjafir 2021“ er að mati samtakanna ekki nógu skýr. Til aðgreiningar ættu þá væntanlega að tala um ferðagjöf 2020 og ferðagjöf 2021. Þessum ruglingi væri best eytt með því að láta allar „ferðagjafir“ stjórnvalda gilda til 31. október 2021. Starfsfólki í ferðaþjónustu sem er að vinna við ferðaþjónustu á hánna tíma þarf að hafa svigrúm til að nýta ferðagjöfina og því leggja samtökin til að ferðagjöfin gildi til 31. október nk.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar*

*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*

*Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri*